

Fundur í skólaráði þann 26.11. 2015.

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda, Elísabeth Ása Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari fulltrúi starfsmanna, Marías Benedikt Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri.

1. Ólöf kynnir nýjan deildarstjóra, Marías sem jafnan er kallaður Malli. Hann segir lítillega frá sér og sínum högum og fyrri störfum.

2. Ólöf segir frá heimsókn fulltrúum Menntamálastofnunar en sl. mánudag komu nokkir aðilar úr nýlega stofnuðu læsisteymi hjá þessari nýju stofnun. Þessir fulltrúar lofuðu skólann og starfið hér og voru afar ánægðir með það sem þeir sáu og heyrðu.

3. Skólapúlsinn. Niðurstöður úr fyrsta hluta nemendakönnunar kynntur. Nú hefur fjórðungur nemenda á eldra stigi (6. bekkur og eldri) svarað spurningunum. Farið er yfir helstu niðurstöður og þar sem einhvers staðar eru frávik frá viðmiðunarhópum er rætt um hugsanlegar skýringar.

4. Samræmd próf. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk. Sýndar eru normaldreifðar einkunnir í öllum bekkjum og námsgreinum. Þetta verður svo kynnt fyrir starfsmönnum í næstu viku og í kjölfarið sett inn á heimasíðuna.

Önnur mál

Heimir, fulltrúi foreldra bendir foreldrum á að skoða upptökum frá foreldradegi Heimilis og skóla en þetta fengu allir sent í tölvupósti í dag.

Nokkur umræða um árshátíð og að nemendur í 10. bekk hafa misjafnar skoðanir á því hvort afnema eigi kosningu um kóng, drottningu o.s.frv. Ekki er tekin ákvörðun um að breyta því sem samþykkt var síðast í skólaráði en lagt til að leggja könnun fyrir nemendur um málið.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:57.